




NÁMSKRÁ  
LEIKSKÓLANS SÓLBORGAR  
SEPTEMBER 2002



LEIKSKÓLINN  
SÓLBORG

# Námskrár Sólborgar, gefin út í september 2002

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1. Umgjörð leikskólans.....	2
1.1 Leikskólar Reykjavíkur .....	2
1.2 Leikskólinn Sólborg.....	3
1.3 Starfsfólk / Starfsmannastefna.....	3
1.4 Heildtæk skólastefna / Nám án aðgreiningar .....	5
1.5 Markmið.....	5
1.6 Starfsgrundvöllur .....	5
2. Uppeldisstarfið - Undirstöðupættir og námssvið .....	8
2.1 Leikur .....	9
2.2 Lífsleikni .....	10
2.3 Daglegt líf.....	10
2.4 Námssviðin / Starfsáætlun.....	12
2.4.1 Hreyfing.....	12
2.4.2 Málrækt.....	13
Íslenskt táknmál.....	14
2.4.3 Myndsköpun .....	15
2.4.4 Tónlist.....	16
2.4.5 Náttúra og umhverfi .....	16
2.4.6 Menning og samfélag .....	17
3. Aðrar áherslur.....	18
3.1 Hefðir og hátíðir .....	18
3.2 Börn með sérþarfir .....	18
3.3 Yngstu börnin í Sólborg .....	20
3.4 Elstu börnin í Sólborg .....	22
3.5 Foreldrasamvinna.....	23
3.6 Samstarf við grunnskóla.....	25
3.7 Náms- og leikefni.....	26
3.8 Athuganir og mat í leikskólastarfi .....	27
3.8.1 Mat á leikskólastarfinu .....	29
Heimildaskrá .....	30

# Námskrá leikskólans Sólborgar

## Inngangur

Hlutverk námskrár leikskólans Sólborgar er tvíþætt: Annars vegar er hún stjórnþæki fyrir innra starf leikskólans og hins vegar veitir hún foreldrum upplýsingar um leikskólastarfið. Í námskránni koma fram aðferðir og viðhorf sem hafa þróast í leikskólanum frá því að hann tók til starfa.

Námskráin skiptist í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er leitast við að skilgreina þá ytri umgjörð sem lög, reglugerðir, *Aðalnámskrá leikskóla* og stefna Leikskóla Reykjavíkur setja leikskólastarfinu. Einnig er fjallað um uppeldisstefnu og starfsgrundvöll Sólborgar. Í öðrum kafla er sjónum beint að undirstöðupáttum leikskólastarfsins og þeim áherslupáttum sem unnið er að með leikskólauppeldi. Þá er sagt frá því hvernig uppeldisstarfið er skipulagt til að tryggja að markvisst sé unnið að settum markmiðum. Auk þess eru kynntar starfsaðferðir sem starfsfólk beitir við vinnu að settum markmiðum. Í þriðja kafla er fjallað um ýmsar áherslur í leikskólastarfinu, t.d. um börn með sérþarfir, samstarf við grunnskóla, námsefni í leikskólanum og athuganir og mat í leikskólastarfinu.

## 1. Umgjörð leikskólans

### 1.1 Leikskólar Reykjavíkur

Leikskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 78 frá árinu 1994 og *Reglugerð um starfsemi leikskóla* nr. 225 frá 1995. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og í samræmi við það var *Aðalnámskrá leikskóla* gefin út árið 1999. Námskráin er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstarf í leikskólum og leysti af hólmi *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* sem kom fyrst út árið 1985.

Það er markmið Leikskóla Reykjavíkur að í leikskólum í Reykjavík sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum. Stefnt er að því að í leikskólum starfi vel menntað og áhugasamt starfsfólk og er áhersla lögð á að byggja upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra. Leikskólar Reykjavíkur leggja áherslu á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta uppeldisstefnu sína í samráði við foreldra og börn. Stefna hvers leikskóla skal byggjast á sameiginlegri hugmyndafræði starfsfólks og ytri aðstæðum hvers leikskóla.

## 1.2 Leikskólinn Sólborg

Leikskólinn Sólborg er einn af leikskólum Reykjavíkur, staðsettur við Vesturhlíð 1. Leikskólinn hefur þá sérstöðu að bjóða alvarlega fötluðum börnum uppeldi og nám við hlið ófatlaðra jafnaldra sinna en sameiginleg menntun og uppeldi fatlaðra og ófatlaðra barna er eitt af meginmarkmiðum Sólborgar. Hvað þetta varðar tekur starfsgrundvöllur leikskólans mið af alþjóðlegum samþykktum svo sem „Salamanca yfirlýsingunni“ sem samþykkt var á Spáni árið 1994. Hinni sérstöku starfsemi Sólborgar er lýst ítarlega í köflum 1.4 – 1.6 hér á eftir.

Leikskólinn Sólborg tók til starfa vorið 1994 og hófu fyrstu börnin leikskóladvöl í ágúst sama ár. Leikskólastofurnar eru fjórar og heita Birkistofa, Furustofa, Lerkistofa og Víðistofa. Á einni stofu leikskólans dvelja heyrnarlaus/heyrnarskert og heyrandi börn saman. Þar er stefnt að því að tvö móðurmál séu jafnrétt há, íslenska og íslenskt táknmál (sjá nánari umfjöllun í kafla 2.4.2). Þessi stefna hefur áhrif á allt starf leikskólans og fá öll börnin í Sólborg tækifæri til að kynnast íslensku táknmáli.

Gert er ráð fyrir því að 68 börn á aldrinum eins til sex ára séu samtímis í húsinu. Að jafnaði dvelja 12 fötluð börn eða börn með umtalsverðar sérþarfir í leikskólanum og skiptast þau jafnt á allar stofur. Í Sólborg er boðið upp á 4, 5, 6, 8 og 9 tíma vistun.

## 1.3 Starfsfólk / Starfsmannastefna

Fjöldi starfsmanna í Sólborg tekur mið af settum reglum um barnafjölda sem hverjum leikskólastarfsmanni er ætlað að hafa umsjón með auk starfsfólks í eldhúsi og við stjórnun. Vegna barna með sérþarfir sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun er þar að

auki ráðið starfsfólk með tilheyrandi sérþekkingu. Heildarfjöldi stöðugilda er því breytilegur frá ári til árs.

Í Sólborg starfar fjöldi fólks með víðtæka þekkingu. Eitt af markmiðum starfsmanna er að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðla að samábyrgð allra starfsmanna á barnahópnum. Margar starfsstéttir vinna saman í Sólborg að sameiginlegum markmiðum, t.d. leikskólakennarar, þroskaþjálfar, uppeldisfræðingar, kennarar og starfsfólk Eflingar. Samvinna þessara aðila er mjög mikilvæg við að móta leikskólastarf sem hentar fötluðum og ófötluðum börnum í sameiginlegu umhverfi. Í ljósi þess hve þýðingarmikið er að gott samstarf er í Sólborg er sérstök áhersla lögð á samskipti og samskiptaleiðir í starfi leikskólans. Vettvangur samstarfs eru samstarfsdagar, starfsmannafundir, deildarfundir og dagleg samskipti starfsfólks. Allir deildarstarfsmenn taka þátt í vikulegum deildarfundum og er það lykilatriði í að samræma áherslur og samábyrgð allra á barnahópnum. Einnig eru haldnir fundir með deildarstjórum og stjórnunarteymi einu sinni í viku. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að starfsfólk einskorði sig ekki við sína stofu heldur taki þátt í uppeldi allra barnanna þegar það á við s.s. í fataklefa og útiveru. Þannig er stefnt að því að starfsfólk finni til samábyrgðar á barnahópnum. Ákveðin verkaskipting er þó milli starfsfólks í uppeldi og kennslu barnanna og er þá stefnt að því að hæfni og þekking hvers starfsmanns nýtist eins vel og kostur er. Starfsfólk sækir ýmis námskeið til að fylgjast með nýjungum og til að bæta og auka þekkingu sína. Hin mikla áhersla sem lögð er á góða samvinnu og samábyrgð á velferð barnanna minnkar líkur á að starfsfólk einangrist með ákveðinn hóp barna og að rígur myndist milli starfstétta. Áhersla er einnig lögð á að í starfsmannahópnum séu heyrnarlausir starfsmenn svo mál og menning heyrnarlausra verði sýnileg. Í Sólborg starfa því saman margar starfsstéttir sem allar miðla af reynslu sinni og þekkingu til leikskólastarfsins.

Leikskólanum er stjórnað af leikskólastjóra sem er heilt stöðugildi. Aðstoðarleikskólastjóri er í 50% vinnu við stjórnun og 50% á stofu. Verkefnastjóri er í 50% stöðu og hefur hann umsjón með sérkennslu í leikskólanum. Deildarstjórar eru í minnst 80% stöðu og bera ábyrgð á sínum stofum.

## 1.4 Heildtæk skólastefna / Nám án aðgreiningar

Sem fyrr segir felst sérstaða leikskólans Sólborgar í sameiginlegu uppeldi og menntun fatlaðra og ófatlaðra barna. Meginmarkmið leikskólans er að móta skóla sem mætir þörfum allra barna í sameiginlegu umhverfi. Heildtæk skólastefna / nám án aðgreiningar snýst um aðferðir og vinnubrögð sem notuð eru við að ná þessu markmiði. Leikskólinn leggur áherslu á að viðurkenna og virða breytileika hjá börnum og vinna með tilliti til ólíkra þarfa þeirra. Í skólanum er stöðugt leitað að áhrifaríkari aðferðum við undirbúning, kennslu, mat og skipulag á leikskólastarfi og er þessi leit eitt aðaleinkenni hans. Heildtæk skólastefna hvílir á sömu gildum og blöndun, þ.e. jöfn mannréttindi fyrir alla. Stefnan er þó ólík blöndun því hún snýst ekki eingöngu um rétt fatlaðra barna heldur um rétt allra barna til að fá bæði náms- og félagslegum þörfum sínum mætt í skólasamfélagi með jafnöldrum.

## 1.5 Markmið

Meginmarkmið leikskólans Sólborgar eru sett með hliðsjón af alþjóðlegum samþykktum, *Lögum um leikskóla*, *Aðalnámskrá leikskóla* og markmiðum heildtækrar skólastefnu. Meginmarkmiðin eru þrjú og byggja á starfsgrundvelli skólans sem lýst er í kafla 1.6 hér á eftir.

1. Að stuðla að jafnrétti, gildi og virðingu einstaklingsins.
2. Að þróa leikskólastarf þar sem komið er til móts við þarfir getubreiðs hóps barna.
3. Að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðlar að samábyrgð allra starfsmanna á barnahóp leikskólans.

## 1.6 Starfsgrundvöllur

Í leikskólum, þar sem markvisst er unnið að því að móta starf sem mætir þörfum fatlaðra og ófatlaðra barna í sameiginlegu umhverfi, er starfsgrundvöllur sérstaklega mikilvægur. Í starfsgrundvelli Sólborgar eru sett fram viðhorf starfsmanna og leiðarljós sem leiðir að settum markmiðum. Starfsgrundvöllur Sólborgar er víðtækur og samofinn öllum þáttum, skipulagi og viðhorfi starfsfólks í leikskólanum.

Starfsgrundvöllurinn byggir á þremur meginþáttum: 1) Markmiðum og áherslum Bank Street uppeldisáætlunarinnar, 2) kenningum Dr. Howard Gardner og 3) rétti

fatlaðra og ófatlaðra barna. Meginmarkmið Bank Street áætlunarinnar er að „örva *allhliða þroska* barnsins“. Sérstök áhersla er lögð á að efla færni barnsins, sérstöðu þess og sjálfskennnd, stuðla að félagsmótun þess og fá þroskaþætti barnsins til að spila saman og styðja hver annan. Dr. Howard Gardner hefur sett fram kenningar um fjölbreytileika greindar. Í bókinni *Tilfinningagreind* kemur m.a. fram að við ættum að eyða minni tíma í að flokka börn og meiri tíma í að hjálpa þeim að gera sér grein fyrir eðlislægum hæfileikum sínum og náðargáfum og kenna þeim að leggja rækt við slíkt. Starfsgrundvöllur leikskólans byggir ekki síst á rétti fatlaðra og ófatlaðra barna til að alast upp saman, læra hvert af öðru og með hvert öðru. Þessi réttur barnanna er studdur bæði í alþjóðasamþykktum sem Ísland á aðild að og í íslenskum lögum og reglugerðum.

Eftirfarandi sex atriði eru helstu þættir í starfsgrundvelli Sólborgar:

**1. Börn hafa siðferðislegan rétt til að alast upp saman, læra hvert af öðru og með hvert öðru án tillits til andlegs eða líkamlegs atgervis.**

Það er trú starfsmanna að ófötluð og fötluð börn hafi rétt á að kynnast og upplifa hvert annað sem persónu en ekki sem ytri einkenni eða fötlun. Áhersla er lögð á að viðurkenna og virða breytileika hjá börnunum í leikskólanum og vinna með tilliti til ólíkra þarfa þeirra. Með dyggum stuðningi foreldra stefna starfsmenn að því að móta viðhorf og umhverfi þar sem öll börn eru virkir þátttakendur.

**2. Vel skipulagt og markvisst leikskólastarf er öllum börnum æskilegt og fötluðum börnum nauðsynlegt.**

Markvisst leikskólastarf felur í sér að starfsfólk hafi hugfast að hvaða markmiðum er stefnt í öllum þáttum leikskólastarfsins. Það er trú starfsfólks Sólborgar að vel skipulagt og markvisst leikskólastarf sem tekur mið af þörfum barnahópsins jafnt sem einstaklinga innan hans sé æskilegt fyrir öll börn og sérstaklega mikilvægt fyrir fötluð börn.

**3. Hver einstaklingur býr yfir hæfileikum á mörgum sviðum sem hlúa ber að og leggja rækt við. Allir þroskaþættir vinna saman og hafa áhrif hver á**

**annan. Leggja þarf því rækt við hvern einstakling með tilliti til sérstöðu hans og hæfileika.**

Í leikskólanum er hver einstaklingur metinn, leitast er við að greina hvar hæfileikar og veikleikar viðkomandi liggja og hvaða aðferðir og leiðir geta best leitt til aukins þroska. Starfsfólk með fjölbreytta menntun og ólíkan bakgrunn gerir þessa margbreyttu kennslu mögulega.

**4. Ekki er rétt að einskorða sig við eina kenningu eða aðferð í leikskólastarfi sem reynir að mæta einstaklingsbundnum þörfum barna í sameiginlegu umhverfi.**

Í Sólborg er engin ein kenning eða aðferð ráðandi heldur er unnið að því að sameina þætti úr ólíkum fræðilegum kenningum og aðferðum í þágu barnanna. Áhersla er lögð á vinnubrögð þar sem nákvæmlega er skilgreint að hvaða þáttum er unnið (markmið), hvernig vinnan fer fram (aðferðir) og hvenær dagsins vinnan / íhlutunin fer fram.

**5. Menntun / þekking og fjölbreytt reynsla starfsfólks er nauðsynleg í leikskólastarfi Sólborgar.**

Þekking starfsfólks er mikilvæg við útfærslu á aðferðum og hugmyndafræði heildtækrar skólastefnu. Vel menntað starfsfólk er lykilatriði í markvissu starfi í leikskólanum Sólborg og eru miklar kröfur gerðar til starfsfólks. Menntun þess og reynsla eru þýðingarmikil atriði í að uppfylla þessar kröfur.

**6. Samstarf og samvinna við foreldra er mikilvæg fyrir vellíðan og velgengni barns í leikskólanum.**

Foreldrasamstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi leikskólans Sólborgar. Þegar hugað er að þörfum hvers einstaklings er nauðsynlegt að hafa í huga að hann er hluti af stærri heild, fjölskyldu sinni. Kennsla og uppeldi barna í Sólborg er framkvæmd í samstarfi og samráði við foreldra.

## 2. Uppeldisstarfið - Undirstöðupættir og námssvið

Í þessum kafla er sjónum beint að undirstöðupáttum leikskólastarfsins og þeim þáttum sem áhersla er lögð á í leikskólauppeldi. Fjallað er um það hvernig uppeldisstarfið er skipulagt til að tryggja að markvisst sé unnið að settum markmiðum. Auk þess eru kynntar starfsaðferðir sem starfsfólk beitir við vinnu að settum markmiðum.

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* skal í leikskóla rækta alhliða þroska barns sem felst meðal annars í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmuna- og málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarþroska, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Í leikskóla ber að hlúa að öllum þessum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Þetta er gert með því að vinna að eftirtöldum undirstöðupáttum og námssviðum leikskólastarfs.

### Undirstöðupættir og námssvið

Undirstöðupættir í uppeldisstarfi eru þrjár: Leikur, lífsleikni og daglegar venjur / daglegt líf. Leikurinn er mikilvægt verkfæri til að efla allan þroska barnsins. Lífsleikni er samofin öllu starfi því í samskiptum lærir barnið að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og sýna umburðarlyndi. Við dagleg störf gefst síðan tækifæri til að byggja upp traust, barnið lærir sjálfstæði og að bjarga sér sjálft. Um undirstöðupættina þrjá er fjallað nánar hér á eftir.

„Námssvið“ leikskóla eru þeir áhersluþættir sem unnið er að með leikskólauppeldi. *Aðalnámskrá leikskóla* skilgreinir sex námssvið en þau eru: Hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfsins sem eru leikur, daglegt líf og lífsleikni. Til þess að ná markmiðum *Aðalnámskrár leikskóla* og þeim sérstöku markmiðum sem leikskólinn Sólborg hefur sett sér hefur starfsfólk sett saman starfsáætlun þar sem fram kemur hvenær og hvernig unnið er með einstök námssvið. Hér á eftir eru markmið einstakra undirstöðupátta og námssviða skilgreind nánar og sagt frá þeim

leiðum sem starfsfólk Sólborgar hefur sammælt um við vinnu að þessum markmiðum.

## 2.1 Leikur

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla því leikur er líf barnsins og starf. Segja má að í bernsku sé það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Fjölbætt reynsla elur af sér nýja þekkingu, tilfinningar, athafnir og leikni.

### Markmið í leik eru að börnin:

- þjálfist í samskiptum og læri að vinna og leika saman.
- læri almennar og viðurkenndar samskipta- og kurteisisreglur.
- fái tækifæri til að þróa leikgerðirnar fjórar (skynfæra- og hreyfileik, sköpunar- og byggingaleik, hlutverka- og ímyndunarleik, regluleik) með því að upplifa aðstæður þar sem þau geta einbeitt sér að einni leikgerð í einu.

### Framkvæmd og leiðir

Í öllu skipulögðu starfi er þess vandlega gætt að virða leikinn sem aðalnámsleið barnsins. Stundaskrá leikskólans gerir ráð fyrir því að barnið taki til skiptis þátt í starfsmannastýrðum stundum og síðan í frjálsum leik. Í hinu svokallaða „vali“ sem fram fer tvisvar á dag gefst börnunum tækifæri til að velja leiksvæði og/eða leikefni. Á útsvæði njóta börnin þess að leika sér í sjálfsprottnum leik. „Samvirkur leikur“ er aðferð sem starfsfólk notar til að vinna á markvissan hátt að því að kenna félagslega færni í leik. Í samvirkum leik er börnunum skipt í fámenna hópa og þau læra að vinna að lausn sameiginlegra markmiða. Þó aðstæður og leikefni gefi tilefni til að börnin leiki eina leikgerð í einu, eru flestir leikir þeirra það fjölbættir að þeir flokkast undir fleiri en eina leikgerð. Í Sólborg er áhersla lögð á leikefni sem gefur skapandi hugsun og ímyndunarafli barnanna byr undir báða vængi. Leikskólinn býður einnig upp á hefðbundið leikefni til að mæta hinum margbreytilegu þörfum sem fyrirfinnast í barnahópnum (sjá nánari umfjöllun um leikefni í kafla 3.6). Starfsfólk leggur áherslu á að taka þátt í leiknum á forsendum barnanna. Starfsmenn eru ávallt til staðar, þeir fylgjast náið með leiknum og aðstoða á þann hátt sem þarf hverju sinni.

## 2.2 Lífsleikni

Lífsleikni er geta einstaklings til að laga sig að mismunandi aðstæðum og breyta á jákvæðan hátt. Sú geta gerir okkur kleift að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Hæfni til samskipta er síðan grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum.

### Markmið lífsleikni eru að börnin læri að:

- tileinka sér undirstöðuatriði heilbrigðs lífs og lífsviðhorfa í samneyti við jafningja í leik og starfi.
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og samferðafólki sínu.
- vera umburðarlynd gagnvart ólíkum skoðunum, menningu og reynslu.
- bera virðingu fyrir náttúrunni, dýrum og jurtum.
- þekkja eigið sjálf, þróa með sér jákvæða sjálfsmynd og tilfinningu fyrir eigin getu.
- auka færni sína til samskipta og umgengni við félagana.
- beita rökhugsun, spyrja spurninga og leita svara.
- virða lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum og samfélaginu .
- í samskiptum manna er nauðsynlegt að hafa tilteknar hegðunarreglur sem öllum ber að virða.

### Framkvæmd og leiðir

Meginmarkmið leikskólans, sem fram komu í kafla 1.5 hér að framan, fela í sér mikla lífsleikni fyrir bæði starfsfólk og börn. Markmið lífsleikninnar eru því rauði þráðurinn í allri starfsemi Sólborgar. Unnið er að þessum markmiðum í öllu starfi og leik - lífsleikni er ekki kennd sem sérstakt námssvið. Þrátt fyrir þetta má greina mörg markmið lífsleikninnar í markmiðum einstakra námssviða. Sem dæmi má nefna námssviðið „Náttúra og umhverfi“ en þar er stefnt að því að gefa börnunum tækifæri til að dýpka skilning sinn á náttúrunni, dýrum og jurtum og hvernig við berum virðingu fyrir þeim.

## 2.3 Daglegt líf

Daglegar venjur eru allar athafnir daglegs lífs. Í þeim felst að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Allt eru þetta þættir sem markast af

föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Hlýleg og traust umönnun er forsenda þess að börnin geti unað, leikið sér og lært í leikskólanum. Hér er t.d. átt við þætti eins og koma og brottför úr leikskólanum, að matast, að klæða sig, að sinna salernis- og hreinlætisþörfum og að hvíla sig.

#### **Markmið í daglegum venjum eru að börnin:**

- verði sjálfbjarga.
- auki sjálfstraust sitt.
- finni til öryggiskenndar.

#### **Framkvæmd og leiðir**

Daglegum venjum er vel sinnt í daglegu starfi í Sólborg. Við tökum hlýlega á móti öllum börnum og fögnum komu þeirra í leikskólann. Sama má segja um brottför barna því mikilvægt er að barnið hlakki til að koma aftur í leikskólann næsta dag. Stefnt er að því að matartímar séu ánægjulegar samverustundir þar sem fram fara notalegar samræður þar sem börnin æfast í að tala sama og hlusta hvert á annað. Börnin eru hvött til að sýna félögum sínum umburðarlyndi og hjálpssemi. Börnin eru hvött til að smakka allan mat og þau fá fræðslu um gildi fjölbreyttrar og hollrar fæðu. Börnin læra almenna borðsiði og eru örðuð til sjálfsbjargarviðleitni við matarborðið, t.d. æfa þau sig við notkun hnífapara og að skammta sér sjálf. Í samráði við foreldra er tekið tillit til sérþarfa barna vegna matar. Hvíldartími er ætlaður til afslöppunar fyrir börnin og er þá ró í húsinu. Yngri börnin sofa flest en eldri börnin njóta lesturs bóka eða annarrar rólegrar hlustunar. Í Sólborg er áhersla lögð á að fámennir hópar séu samtímis í fataklefanum svo börnin fái góðan tíma og rými til þess að athafna sig. Í fataklefanum æfa börnin sjálfshjálp, fínhyfingar, einbeitingu og skipulagða hugsun. Börnin eru hvött til að klæða sig sem mest sjálf og aðstoða hvert annað. Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér aukaföt og fatnað sem hæfir veðri hverju sinni. Hreinlætisvenjum sinnum við með reglulegum salernisferðum, smám saman ná börnin valdi á þeim og bera sjálf ábyrgð á þeim. Rík áhersla er lögð á handþvott eftir salernisferðir sem hluti af hreinlætisvenjum allra.

## 2.4 Námssviðin / Starfsáætlun

Sem fyrr segir eru „námssvið“ leikskóla áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin eru sex: Hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Starfsfólk hefur útbúið starfsáætlun þar sem fram kemur hvenær unnið er með einstök námsvið. Unnið er með námssviðin „hreyfingu“ og „málrækt“ allt árið um kring. Unnið er sérstaklega með námssviðin „náttúru og umhverfi“ og „menningu og samfélag“ á ákveðnum tímum ársins. Námssviðin „tónlist“ og „myndsköpun“ fá meiri tíma og vægi til skiptis annað hvert ár.

Hér á eftir eru markmið einstakra námssviða skilgreind nánar og settar fram þær leiðir sem starfsfólk Sólborgar fer til að ná settum markmiðum. Með hliðsjón af þessum almennu markmiðum gerir hver stofa síðan nákvæma vinnuáætlun þar sem markmið og leiðir starfsáætlunar eru útfærð sérstaklega fyrir börnin á stofunni. Foreldrum býðst að fá eintak af þessum vinnuáætlunum þegar vinna við hvert námssvið hefst.

### 2.4.1 Hreyfing

Hreyfing í leikskóla er hvers konar líkamleg þjálfun sem miðar að auknum líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barnanna. Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað og stuðlar hreyfing að vellíðan barnanna. Hreyfifærni er auk þess þýðingarmikil fyrir aðra þroskaþætti, t.d. mál- og félagsþroska. Það er því mikilvægt að fjölbreytt hreyfinám skipi veglegan sess í uppeldi barna.

#### **Markmið hreyfingar eru að:**

- efla alhliða líkamsþroska barna og gera þau meðvitaðri um líkama sinn.
- auka samhæfingu líkamans.
- efla félagsþroska.
- styrkja sjálfsmynd.
- auka þol, þrek, styrk og liðleika.
- stuðla að líkamlegri vellíðan barnsins og hreyfigleði.

### **Leiðir**

- Leikfimi er stór þáttur í starfsemi Sólborgar og fara flest börn í leikfimi einu sinni til tvisvar í viku. Leikfimin er skipulögð þannig að aðra vikuna fer fram „tækjaleikfimi“ með Gym Time tækjum þar sem unnið er sérstaklega með styrk, jafnvægi, liðleika og þor. Hina vikuna eru tækin ekki notuð og er þá aðaláhersla lögð á að auka þol og fylgja fyrirmælum í gegnum reglu- og ímyndunarleiki.
- Mikil áhersla er lögð á útiveru barna í Sólborg og er hún á stundaskrá bæði fyrir og eftir hádegi. Í útiverunni hittast börnin af öllum stofum og leika sér saman Lengd útiveru miðast við veður en að jafnaði eru börnin úti í um 50 mínútur í senn. Í útiverunni komast börnin í snertingu við náttúruna og læra að meta hana sem vettvang hreyfingar.
- Útisvæði leikskólans er vel til þess fallið að barnið geti hreyft sig óhindrað. Í nánasta umhverfi Sólborgar er mikið útivistarsvæði sem býður upp á gönguferðir t.d. um Öskjuhlíðina og um fjöruna í Fossvogi.

### **2.4.2 Málrækt**

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Sameiginlegt tungumál tengir fólk saman og eflir samkennd þess. Með málinu tjáir fólk hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku er grunnur lagður að málþroska barna og því mikilvægt að málörvun og málleg samskipti séu rauður þráður í leikskólauppeldi.

#### **Markmið málræktar eru að börnin:**

- auki orðaforða sinn.
- auki úthald sitt við hlustun og einbeitingu.
- öðlist færni til að nota málið í samskiptum og til að tjá þarfir sínar og langanir.
- öðlist færni til að nota málið til að afla sér þekkingar.

### **Leiðir**

- Í Sólborg á málörvun sér stað allan daginn, unnið er markvisst að málörvun í hinum ýmsu stundum og við daglegar athafnir. Þetta á bæði við um íslensku og íslenskt táknmál.

- Í samtölum hvetjum við börnin til að tjá sig, hlusta á aðra og temja sér kurteisi þegar aðrir segja frá. Við notum opnar spurningar í samtölum við börn og hvetjum þau til að tjá tilfinningar sínar. Matmálstímar, fataklefnn, útiveran, myndsköpun, leikfimi og fleiri stundir dagsins eru allt góðir tímar til samtals og málörvunar.
- „Samverustundir“ eru starfsmannastýrðar stundir þar sem ákveðinn hópur barna hittist daglega og vinnur saman í um klukkustund. Í samverustundum er unnið markvisst að málörvun og annarri fræðslu í tengslum við starfsáætlun.
- Lesið er fyrir börnin og þeim eru sagðar sögur og ævintýri.
- Söngur er mikilvægur hluti af námskrá Sólborgar og læra börnin texta, þulur og kvæði með aðstoð lagsins. Þetta þjálfar minni barnanna og málþroska og er góður undirbúningur undir lestarnám.
- Ritmálið er víða sýnilegt í leikskólanum. Börnin læra að hægt er að varðveita frásagnir og sögur þegar starfsfólk færir frásagnir þeirra í ritað mál.

### **Íslenskt táknmál**

Í Sólborg fá börnin tækifæri til að kynnast íslensku táknmáli. Á einni leikstofu Sólborgar er markmiðið að táknmál og íslenska verði jafnrétt há. Heyrnarlausir foreldrar hafa einnig í ríkum mæli óskað eftir leikskólavist fyrir heyrandi börn sín í Sólborg.

#### **Markmið hvað varðar íslenskt táknmál eru að:**

- börn sem hafa íslenskt táknmál að móðurmáli njóti sömu málörvunar og börn sem eru með íslensku að móðurmáli.
- öll börnin virði og geri sér grein fyrir að íslenskt táknmál er móðurmál heyrnarlausra á Íslandi.
- börnin kynnist og beri virðingu fyrir máli og menningarheimum hvers annars.
- heyrandi börn tileinki sér vissan orðaforða í táknmáli.
- heyrnarlausir foreldrar geti átt dagleg samskipti við starfsfólk á sínu máli.

#### **Leiðir**

Leikskólinn leggur ríka áherslu á að þar starfi heyrnarlausir starfsmenn sem fyrirmyndir hvað varðar mál og menningu heyrnarlausra. Hér að framan var fjallað almennt um leiðir við málörvun barna en þær henta flestar við málörvun

heyrnarlausra barna. Öll börn og starfsfólk fá nafnatákn þegar þau byrja í Sólborg og eru táknmyndir settar á hólfi barnanna með mynd og rituðu nafni. Börnin læra nafnatákn hvers annars svo og tákn fyrir ýmislegt í umhverfinu. Íslenskt táknmál er víða sýnilegt í leikskólanum, t.d. á veggspjöldum. Tákn eru sett við söngtexta og þannig eru söngstundir aðlagðar svo öll börnin fái notið hinna þroskandi áhrifa að læra texta. Það hefur verið stefna Sólborgar að allt starfsfólk fari á táknmálsnámskeið og kynnist þannig máli og menningarheimi heyrnarlausra.

### **2.4.3 Myndsköpun**

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli og eflir skapandi myndmótun sjálfstraust þeirra. Í Sólborg leggur starfsfólk megináherslu á sköpunarferlið sjálft fremur en endanlega útkomu verksins. Myndsköpun fær sérstaka áherslu í leikskólastarfinu annað hvert ár. Þá er unnið sérstaklega að ýmsum samvinnuverkefnum og börnin fá að prófa og þróa margs konar efnivið til myndsköpunar.

#### **Markmið myndsköpunar eru að börnin:**

- njóti þess að skapa sjálf, eflir sjálfstraust sitt og færni og styrki jákvæða sjálfsmynd.
- tjái sig á myndrænan hátt og fái tækifæri til að skapa úr mismunandi efnivið.
- æfist í að fylgja sköpunarferli, stig af stigi, og tjái sig um verk sín í lokin.
- kynnist litablöndun, heiti grunnlitanna og þjálfist í að blanda eigin liti.
- læri að nota verðlaus efni til myndsköpunar.
- æfi samhæfingu augna og handa
- æfist í að nota einföld verkfæri til myndsköpunar, t.d. skæri, pensla og rúllur.

#### **Framkvæmd og leiðir**

Við myndsköpun barna er það sköpunarferlið sjálft sem skiptir mestu máli og þau áhrif sem skapandi myndgerð hefur á alhliða þroska þeirra. Börnin fá handleiðslu í að tjá sig í myndum, formum, litum og með margbreytilegan efnivið. Rík áhersla er lögð á samvinnuverkefni þar sem öll börnin leggja sitt af mörkum til verksins.

#### 2.4.4 Tónlist

Annað hvert ár fær tónlist sérstaka áherslu í leikskólastarfinu. Í tónlistaruppeldi leikskóla á að stuðla að því að barn þroski með sér næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda svo og frumkvæði til frjálsrar skapandi tjáningu og túlkun á tónlist. Með tónlistinni styrkjum við einnig sjálfsmynd og félagsþroska barnanna.

##### **Markmið tónlistar eru að börnin:**

- kynnist eigin líkama sem hljóðgjafa.
- geti hljóðsett þulur, sögur og söngva (með og án hljóðfæra).
- þekki og geti farið eftir sönglögum með hreyfingum.
- kynnist þeim hljóðfærum sem til eru í leikskólanum og þekki hljóm þeirra.
- læri að spinna með röddinni og hljóðfærum.
- læri sjálfsgaga og finni til samkenndar í gegnum tónlist.
- nýti tónlist til að styrkja sjálfsmynd og félagsþroska.

##### **Leiðir**

Áhersla er lögð á að efla tónnæmi og tónlistarfærni barnanna. Skapandi tónlist er höfð að leiðarljósi sem og að leyfa tónlistinni í börnunum að njóta sín. Unnið er að því að þjálfra takt og hljóðfall, að ganga og klappa í takt, klappa laghryn og atkvæði. Börnin æfa hljóðminni og hljóðgreiningu. Þau læra að þekkja, staðsetja og segja frá umhverfishljóðum. Við höfum reglulegar söngstundir á stofum barnanna og einnig í sal en þá kemur allur leikskólinn saman. Þá eru börnin hvött til að tákna um leið og þau syngja.

#### 2.4.5 Náttúra og umhverfi

Umfjöllun um náttúru og umhverfi fer sérstaklega fram að hausti og vori. Þá er meginmarkmið að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni, kynnist fjölbreytileika hennar og komist í lifandi tengsl við hana.

##### **Markmið með náttúru og umhverfi eru að börnin:**

- öðlist þekkingu og skynji helstu breytingar sem verða í náttúrunni að hausti og vori.

- þekki helstu veðurfarsbreytingar að hausti og vori og áhrif þeirra á klæðnað okkar.
- beri virðingu fyrir náttúrunni og gjöfum hennar.
- upplifi fegurð náttúrunnar, beri virðingu fyrir umhverfisvernd og fái áhuga á henni.

### **Leiðir**

Börnin taka þátt í sáningu og uppskeru á plöntum og grænmeti. Þau fara í vettvangsferðir bæði upp í Öskjuhlíð og niður í fjöru. Að vori eru viðfangsefnin vorverkin, breytingar í náttúrunni, börnin undirbúa kartöflur fyrir gróðursetningu og sá fræjum. Á haustin taka börnin upp grænmetið og hugað er að haustverkum fyrir og nú.

### **2.4.6 Menning og samfélag**

Í leikskólanum er mjög getubreiður barnahópur og á hverju ári bætast margir nýir einstaklingar í hópinn. Starfsfólk telur því mikilvægt að hefja hvert skólaár á viðfangsefnum þar sem áhersla er lögð á barnið sjálft, eflingu sjálfsmyndar þess og sjálfsvitundar. Stefnt er að því að í barnahópnum ríki jákvæð samskipti og samkennd og að þar sé litið á hvern einstakling sem sérstakan og mikilvægan hluta af leikskólasamfélaginu.

#### **Markmið menningar og samfélags eru að börnin:**

- efli líkamsvitund sína og sjálfsmynd.
- öðlist skilning á sjálfum sér sem hluta af fjölskyldu.
- öðlist skilning á tilfinningum sínum og annarra.
- þekki hugtakið vinur og hvað á að gera til að eignast vin og vera vinur.
- kynnist leikskólanum á markvissan hátt, skoði hann og fræðist um hvað er gert á hinum ýmsu stöðum.
- skoði hvernig við erum eins og hvernig öðruvísi, að setja sig í spor annarra og efla samkennd og virðingu fyrir margbreytileika lífsins.
- fræðist um samfélagið Reykjavík, Ísland og menningu annarra þjóða.

### **Leiðir**

Í umræðunni um fjölskyldur er stuðst við myndaalbúm barnanna. Litið er á samfélagið út frá leikskólanum og þeim margbreytileika sem er til staðar í barnahópnum. Við eignumst vini og lærum hvernig við höldum vináttu í gegnum ýmsa leiki og verkefni. Við kynnumst okkar nánasta samfélagi með vettvangsferðum innan leikskólans og utan. Við lítum út í hinn stóra heim og kynnumst menningu annarra þjóða með því að skoða bækur, myndbönd, læra söngva og svo fáum við að heyra um persónulega reynslu barna eða starfsmanna. Áhersla er lögð á að börnin taki þátt í samvinnuverkefnum í misstórum hópum.

## **3. Aðrar áherslur**

Í síðasta kafla þessarar námskrár er fjallað um ýmsar áherslur í leikskólastarfinu í Sólborg, t.d. um börn með sérþarfir, samstarf við grunnskóla, námsefni í leikskólanum og athuganir og mat í leikskólastarfinu.

### **3.1 Hefðir og hátíðir**

Í leikskólanum gerum við okkur glaðan dag í tilefni hátíða og tillidaga. Markmið starfsfólks eru að börnin geri sér grein fyrir tilefni þessara hátíða og taki þátt í hefðbundnum atburðum og verkefnum sem tengjast þeim. Fyrir utan stórhátíðir eins og jól og páska, sem fylgja hefðbundinni dagskrá, minnumst við t.d. þorra með þorablóti og höldum skemmtun á öskudag þar sem stórir og smáir klæða sig í furðuföt. Hvert barn fær sína afmælisveislu í leikskólanum með tilheyrandi afmælistórónum. Einnig er hefð fyrir því að haldið sé kveðjuhóf þegar börnin kveðja leikskólann.

### **3.2 Börn með sérþarfir**

Samkvæmt skilgreiningu Leikskóla Reykjavíkur eru börn með sérþarfir þau börn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólastarfinu vegna:

- fötlunar eða þroskafrávika.

- félags- og /eða tilfinningalegra erfiðleika.
- máls og menningarlegra aðstæðna.

Hér er bæði átt við börn sem eiga við langvarandi vandamál að etja og börn sem ætla má að geti með rétttri aðstoð unnið bug á tímabundnum erfiðleikum. Í stefnu Leikskóla Reykjavíkur um sérkennslumál segir að sú séraðstoð og örvun sem börn með sérþarfir njóta í formi sérkennslu skuli ætíð taka mið af þeim markmiðum og leiðum sem skilgreind eru fyrir öll börn í *Lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla*. Jafnframt skal þess gætt að jafnvægis gæti í barnahópnum og hver einstaklingur fái notið sín og eigi eðlilega hlutdeild í leikskólastarfinu. Ennfremur segir í stefnu Leikskóla Reykjavíkur að stefnt skuli að því að þörfum barna fyrir sérkennslu sé mætt innan barnahópsins við daglegar athafnir og leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins. Leikskólar Reykjavíkur hafa einnig mótað stefnu um málefni barna af erlendum uppruna. Þar er m.a lögð áhersla á að komið sé til móts við mál og menningarlegar aðstæður barnanna og boðið sé uppá tulkapjónustu í foreldraviðtölum.

Í Sólborg er starfað samkvæmt kenningum og aðferðum heildtækrar skólastefnu sem byggir á stefnu Leikskóla Reykjavíkur og fjallað er um m.a. í kafla 1.4. Markmið starfsfólks er að þróa leikskólastarf þar sem jafnrétti og virðing er borin fyrir einstaklingnum, þar sem öll börn fá nám við hæfi sem skipulagt og framkvæmt er í nánú samstarfi við foreldra.

### **Leiðir**

Leiðir starfsmanna að framangreindum markmiðum eru fjölbreyttar og ná til allra þátta í daglegu starfi. Grunnur leikskólastarfsins er starfsfólkið sjálft og er markvisst leitað eftir starfsfólki með víðtæka reynslu og þekkingu ásamt jákvæðu hugarfari gagnvart margbreytileikanum. Við athuganir starfsmanna og mat á börnunum er áhersla lögð á að finna og skilgreina þarfir þeirra barna sem taka verður sérstakt tillit til.

Í leikskólann innritast hópur barna með skilgreindar sérþarfir. Þá hefur leikskólinn samstarf við Ráðgjafar- og sérkennsludeild Leikskóla Reykjavíkur og aðra þá sérfræðinga utan leikskólans sem veita barninu þjónustu. Sólborg hefur t.d. haft

forgöngu um svokallaða „stöðufundi“ sem haldnir eru nokkrum sinnum á ári. Þá koma saman allir þeir sérfræðingar sem koma að málum barnsins. Markmið þessara stöðufunda eru tvö: 1) Að fá góða yfirsýn yfir hvernig gengur hjá öllum viðkomandi sérfræðingum og 2) að samræma áherslur og jafnvel vinnubrögð og aðferðir svo íhlutun verði heildstæð fyrir barnið.

Einstaklingsnámskrá er unnin í leikskólanum fyrir börn með skilgreindar sérþarfir. Námskráin er unnin með þátttöku foreldra og í samráði við aðra sérfræðinga sem koma að máli barnsins. Í einstaklingsnámskrá barnsins kemur fram staða þess ásamt þeim markmiðum sem stefnt er að og leiðum sem taldar eru færa barnið nær markmiðunum. Endurmat á markmiðum fer fram einu sinni í mánuði og meta þá allir starfsmenn hvernig gengur. Námskráin verður þannig virk vinnuáætlun allra þeirra sem umgangast barnið í leikskólanum. Áhersla er lögð á að sérkennslan felist í að tryggja barninu þá aðstoð og / eða aðlögun leikskólustarfsins svo það geti átt hlutdeild í því sem fram fer og notið þeirra góðu leikskólamenntunar sem börnunum er búin.

### **3.3 Yngstu börnin í Sólborg**

Í frumbersku (0-3ja ára) eru börn algjörlega háð fullorðnum hvað snertir umönnun og daglegar venjur. Flest börn eru einnig að hefja skólagöngu sína í Sólborg á þessum aldri og oft eru foreldrar að treysta aðilum utan stórfjölskyldunnar fyrir barninu í fyrsta sinn. Starfsfólk leggur því sérstaka rækt við umönnun yngstu barnanna og samstarf við foreldra.

Grundvallarforsenda þess að ungt barn geti unað og dafnað, leikið sér og lært í leikskólanum er að það njóti ábyrgrar og faglegrar umönnunar bæði andlegrar og líkamlegrar. Samráð við foreldra ungra barna er mikilvægt hvað varðar hvíld, næringu, fatnað og annað sem snertir umönnun. Veikindi eru algeng á fyrsta ári barns í leikskóla á meðan ónæmiskerfi barnsins er að byggjast upp. Samráð og gott upplýsingastreymi milli starfsfólks og foreldra eru því sérstaklega nauðsynleg á fyrstu árum barnsins í leikskólanum. Í ljósi þess hvað umönnun og daglegar venjur (matartímar, skiptitímar, hvíld og klæðnaður) eru mikilvægur og stór þáttur í lífi

ungra barna fá þessir þættir góðan tíma í starfi yngstu barnanna. Starfsfólk setur umönnun barnanna í öndvegi og leggur mikla áherslu á hana.

Í frumbersku byrja börnin að æfa sig í samskiptum við aðra en foreldra sína, bæði börn og fullorðna. Starfsmenn eru mikilvæg fyrirmynd og gegna lykilhlutverki með því að sýna hverju barni og foreldrum þess jákvætt og skilningsríkt viðhorf. Þetta viðhorf þarf að ríkja í samskiptum og birtast í öllum þáttum uppeldisstarfsins.

Börn á aldrinum 0-3ja ára eru á svokölluðu „skyn-hreyfistigi“. Í Sólborg miðast uppeldisstarf með yngstu börnunum við þá vitneskju starfsmanna að á þessum aldri læra börn best með því að kanna, koma við, athuga og reyna sjálf. Það er börnunum eðlilegt og nauðsynlegt að vera sífellt á hreyfingu til að æfa líkamlega færni sína.

**Markmið með starfi með yngstu börnunum í Sólborg eru að:**

- veita börnunum líkamlega og andlega umönnun.
- veita börnunum öryggi með nærveru starfsfólks.
- taka tillit til þarfa hvers einstaklings.
- veita börnunum öruggt og örvandi leikumhverfi við þeirra hæfi.

**Leiðir**

Mikilvægt er að taka hlýlega á móti sérhverju barni og foreldrum þess, fagna barninu og heilsa við komu í leikskólann. Börnin þurfa að finna að þau séu velkomin og að nærvera þeirra skipti máli. Móttakan getur haft áhrif á líðan barns og foreldra allan daginn. Á sama hátt er mikilvægt að kveðja hvert barn þegar það býst til heimferðar. Í starfi með yngstu börnunum er áhersla lögð á að sníða stundaskrána að þörfum barnanna og m.a. tryggja að umönnun og daglegar venjur skipi sérstakan sess. Starfsfólk viðurkennir einstaklingsmun barna og leitast við að mæta misjöfnum þörfum þeirra. Starfsfólk tekur þátt í daglegum leik og er alltaf til staðar fyrir börnin. Leikstofan er skipulögð þannig að nægt rými sé fyrir börnin til að rannsaka umhverfi sitt, umhverfið er öruggt og örvandi og við hæfi aldurs og þroska barnanna hverju sinni.

### 3.4 Elstu börnin í Sólborg

Við upphaf skólagöngu er mikilvægt að börn hafi tileinkað sér ákveðna þætti sem líta má á sem undirstöðufærni undir hefðbundið grunnskólanám. Börn tileinka sér þessa færni smám saman í leikskólanum með þátttöku í leik og starfi. Á síðasta ári barns í Sólborg viljum við ganga úr skugga um að þessari undirstöðufærni sé náð, efla hana enn frekar eða aðstoða barnið við að tileinka sér hana. Þessi vinna fer fram í sérstökum stundum sem kallaðar eru „elstu barna verkefni“.

#### Markmið elstu barna verkefna eru að börnin:

- æfist í hlustun, hljóðgreiningu og einbeitingu sem eru undanfarar lestrarnáms. Fyrir heyrnarlaus börn þarf að aðlaga þennan áherslupátt með þjálfun sjónrænnar úrvinnslu, skammtímamannis og notkunar ritmáls. Einnig er lögð áhersla á notkun tæknibúnaðar, t.d. faxtækis og tölvu.
- þjálfist í vinnu með skriffæri.
- öðlist grundvallarþekkingu í formum og tölum.
- þjálfist í vinnu í stórum hóp og tileinki sér viðeigandi vinnubrögð.

#### Leiðir

Rík áhersla er lögð á að börnin fari eftir fyrirmælum, þá eru t.d. unnin ýmis fyrirmælaverkefni þar sem börnin æfast í að einbeita sér og hlusta. Hljóðgreining málsins er æfð í ýmis konar hlustunarleikjum. Þessir leikir æfa forhljóð, samstöfur, rím og lengd orða. Börnin læra um orð og setningar, málnotkun þeirra er þjálfuð með frásögn og orðaforði aukinn m.a. með því að kenna þulur og vísur. Áhugi barnanna er vakinn á formum í umhverfinu. Börnin læra heiti formanna og þau móta formin og vinna á myndrænan hátt. Í gegnum spil og leiki er unnið með talningu og talnagildi. Fjölbreytileg vinna fer fram með skriffæri s.s. að teikna, lita og mála en þessar æfingar styrkja samhæfingu barnsins. Áhersla er lögð á að efla hópkennd barnanna m.a. með því að börnin hjálpi hvert öðru, sýni tillitssemi og kurteisi. Vinna í hópi krefst ögunar, við viljum að barnið læri að tileinka sér almenn og viðurkennd vinnubrögð og hegðun innan grunnskólans.

Vinnu við elstu barna verkefni lýkur með útskriftarferð að vori en þá fara börnin ásamt starfsfólki í dagsferð út fyrir borgina. Auk þess er haldin útskriftarathöfn í

leikskólanum og er þá foreldrum boðið í leikskólann til að samgledjast með börnum sínum.

### **3.5 Foreldrasamvinna**

Forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum er að samstarf foreldra og starfsfólks sé gott. Gott samstarf byggir á gagnkvæmu trúnaðartrausti og upplýsingamiðlun. Í upphafi leikskóladvalar eru foreldrar beðnir um að fylla út upplýsingablað þar sem fram koma ýmsar hagnýtar upplýsingar um barnið. Foreldrar skrifa undir dvalarsamning þar sem viðverutími barnsins kemur fram. Nauðsynlegt er að foreldrar virði umsaminn tíma.

Aðlögunartími barnsins er mjög mikilvægur því þar er grunnur lagður að góðu samstarfi við foreldra. Starfsfólk hefur sett saman ákveðna dagskrá fyrir aðlögun barna og er hún afhent á upplýsingafundi um leikskólann.

#### **Foreldraviðtöl**

Fyrsta formlega foreldraviðtalið fer fram á meðan barnið er í aðlögun. Á þeim fundi fer starfsfólk yfir stundaskrá barnsins í leikskólanum, kynnir barna- og starfsmannahópinn og tækifæri gefst til gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar. Allir foreldrar eru boðaðir í tvö formleg einkaviðtöl, annars vegar að hausti og hins vegar í febrúar. Í febrúarviðtalinu er skriflegum upplýsingum um barnið í leikskólanum deilt með foreldrum. Foreldrar barna með sérþarfir sitja slíka fundi þrisvar til fjórum sinnum á ári. Að vori útskriftarárs barnsins er svo kveðjuviðtal. Rétt er að taka fram að leikskólinn býður upp á táknmálstúlkun í viðtölum, á fyrirlestrum og kynningarfundum.

Foreldra- og fræðslukvöld eru haldin í Sólborg en markmið þeirra er að kynna foreldrum leikskólastarfið og treysta samstarf.

Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar. Ef heimilisáðstæður breytast eða ef barnið lætur í ljós óánægju við að koma í leikskólann er gott að foreldrar láti starfsfólk vita svo unnt sé að bregðast við barninu á viðeigandi hátt. Tekið skal fram að starfsfólk leikskólans er bundið þagnarheiti.

Upplýsingar um daglega viðburði í leikskólanum og framkvæmd starfsáætlunar eru m.a. settar fram í dagbók sem staðsett er á tússtöflunni við leikstofudyrnar. Foreldrar lesa dagbókina og geta þannig fylgst með því sem barnið gerir yfir daginn og aðstoðað barnið við að rifja upp atburði dagsins.

### **Verklagsreglur í hugsanlegum barnaverndarmálum**

Starfsmönnum leikskóla er skylt að fylgja ákveðnum verklagsreglum sem byggja á lögbundnum skyldum um tilkynningarskyldu ef grunur vaknar um misnotkun, slæman aðbúnað og/eða vanrækslu barna. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að skipulega sé tekið á málum frá byrjun. Verklagsreglur þessar miðast við að lausn sé fundin á vandamálinu í samráði við foreldra og barnaverndaryfirvöld.

### **Foreldra- og starfsmannafélag Sólborgar**

Foreldra- og starfsmannafélag Leikskólans Sólborgar var stofnað árið 1994 en það er félag allra foreldra og starfsmanna leikskólans. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra, barna og starfsfólks, að auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og að tryggja velferð barnanna. Kosið er í stjórn félagsins árlega en formaður félagsins, sem er ávallt úr röðum foreldra, er kosinn til tveggja ára. Tveir fulltrúar starfsmanna sitja í meðstjórn ásamt foreldrum, annar þeirra er leikskólastjóri. Foreldrafélagið innheimtir félagsgjald með gíróseðli sem settur er í hólf barnsins. Félagsgjöldin renna til ferða og skemmtana barna í leikskólanum, t.d. sveitaferðar, jólaskemmtunar og útskriftarferðar.

„Samstarfshópur“ var stofnaður haustið 2001 og er hlutverk hans að efla samstarf um leikskólastarfið. Í samstarfshópnum sitja tveir foreldrar, leikskólastjóri og tveir starfsmenn leikskólans og hittist hann að jafnaði fimm sinnum á ári.

„Áfallaráð“ var myndað haustið 2001 og er hlutverk þess að vinna áætlun til þess að geta brugðist ákveðið við þegar áföll eða atburðir verða sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð. Leikskólastjóri er ábyrgðarmaður ráðsins en í ráðinu sitja auk þess einn til tveir starfsmenn leikskólans og fulltrúar frá foreldrum.

### 3.6 Samstarf við grunnskóla

Samstarf milli skólastiga er mikilvægt svo tryggja megi eðlilega samfellu í námi barnsins. Samstarf þetta felst í upplýsingamiðlun og gagnkvæmum heimsóknum barna og kennara á milli skóla. Rétt er að taka fram að leikskólinn veitir aldrei upplýsingar um einstök börn nema með samþykki foreldra.

Hlíðaskóli er hverfisgrunnskóli Sólborgar og er samstarf við kennara og skólastjórnendur í mótun. Samstarfið er og verður fólgið í gagnkvæmum heimsóknum að vori enda mikilvægt að elstu börnin fái tækifæri til að koma í heimsókn í skólann og kynnast aðstæðum. Þessar heimsóknir skapa öryggi og jákvæða upplifun hjá börnunum. Elstu börnunum í Sólborg er einnig boðið á skemmtiviðburði í Hlíðaskóla, eins og t.d. á leikssýningu fyrsta bekkjar. Áætlað er að heimsóknir í grunnskólann verði í fylgd starfsfólks Sólborgar. Þá er einnig mikilvægt að kennarar komi í heimsókn í leikskólann og sjái væntanlega nemendur sína í leik og starfi.

Upplýsingamiðlun milli skólastiga er ekki síður mikilvæg til að tryggja farsæla byrjun í grunnskóla. Að mati starfsfólks kemur það barninu vel að viðtökukennari fái upplýsingar um sterkar hliðar barnsins, þær kennsluáðferðir og námsumhverfi sem hafa reynst barninu vel og ef eitthvað þarf að taka tillit til í fari barnsins. Starfsfólk afhendir foreldrum færnischema barnsins að vori en þar kemur fram hvar barnið er statt við að tileinka sér ýmsa undirstöðufærni undir grunnskólanámið. Foreldrar eru hvattir til að deila þessum upplýsingum með grunnskólakennaranum við upphaf skólagöngunnar.

#### **Börn með sérþarfir**

Þegar um börn með sérþarfir er að ræða er aðdragandi skólagöngu eftirfarandi. Í febrúar sendir ráðgjafar- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur yfirlit til Fræðslumiðstöðvar yfir þau börn sem vitað er um að þarfnast sérstakrar aðstoðar eða skólavistar á komandi skólaári. Fræðslumiðstöð vinnur úr upplýsingunum og sendir nöfnin til viðkomandi grunnskóla.

Þegar foreldrar hafa ákveðið í samráði við Fræðslumiðstöð og greiningaraðila hvað skólaúrræði hentar barninu best er komið að upplýsingamiðlun frá leikskólanum. Grunnskólinn hefur þá samband við leikskólann og boðar til fundar þar sem starfsfólk kynnir margvíslegar upplýsingar. Nýjasta einstaklingsnámskrá barnsins er kynnt ásamt umsögn um barnið sem er tekin úr síðasta foreldraviðtali. Starfsfólk kynnir auk þess þær kennsluáðferðir og námsumhverfi sem hafa reynst barninu vel. Rétt er að taka fram að allar skriflegar upplýsingar eru afhentar foreldrum til yfirlstrar og samþykkis áður en þær eru afhentar grunnskólanum. Viðtökukennarar barna sem fara í sérskóla koma ætíð í heimsókn í leikskólann til að kynnast sínum nemendum.

### **3.7 Náms- og leikefni**

Sem fyrr segir leggur leikskólinn áherslu á náms- og leikefni sem gefur skapandi hugsun og ímyndunarafl barnanna byr undir báða vængi. Leikskólinn býður einnig upp á hefðbundið leikefni til að mæta hinum margbreytilegu þörfum sem fyrirfinnast í barnahópnum. Hér á eftir eru nefnd dæmi um fimm ólíkar gerðir af náms- og leikefni sem leikskólinn býður upp á.

#### **Tölvur**

Nýjasti efniviðurinn í leikskólanum eru tölvur en þær eru notaðar í starfi með eldri börnum leikskólans og í vinnu með börnum með sérþarfir. Hver stofa hefur eina tölvu til nota með börnunum og gilda um hana ákveðnar vinnureglur. Markmið með tölvunotkun eru m.a. að börnin læri að umgangast tölvur (kveikja/slökkva/nota mús), skiptast á í vinnu sinni við tölvurnar og að vekja hjá börnunum forvitni, frumkvæði og virkni í notkun tölvu. Tölvur eru notaðar í Sólborg eins og hvert annað leikefni í vali. Stefnt er að því að nota forrit og leiki á íslensku sem hafa kennslufræðilegt gildi.

#### **Stórir trékubbar (geymdir í sal)**

Leikskólinn á gott safn af stórum trékubbum sem eru geymdir í sal og eru til afnota fyrir allar stofur. Þangað koma börnin í litlum hópum, þau byggja saman úr kubbunum og taka þátt í hlutverkaleik en hlutverkaleikur er mikilvæg tjáningarleið barna á leikskólaaldri. Kubbarirnir og sá hlutverkaleikur sem börnin taka þátt í örvar ímyndunarafl þeirra og þau læra og æfa sig í að vinna saman og taka tillit hvert til

annars. Leikurinn eflir þroska á mörgum sviðum, t.d. tilfinningaþroska, félagsþroska og málþroska. Í leik með stóru trékubbana lifa börnin sig inn í ýmsa atburði sem gerast í kringum þau, þau tileinka sér atburðina og vinna úr reynslu sinni.

### **Leikfangakörfur**

Leikskólinn hefur safnað saman efni úr ýmsum áttum og flokkað í stórar bastkörfur sem geymdar eru upp á skáp í sal leikskólans. Körfurnar eru til afnota fyrir allar stofur og innihalda efni sem notað er til að auka fjölbreytni í hlutverkaleik barnanna. Hver karfa inniheldur efni fyrir sérstaka hlutverkaleiki og sem dæmi eru til körfurnar lækni, snyrtistofa, eldhús, búð, búningar, föt og skrifstofa.

### **Einingakubbar**

Leikskólinn á gott safn af svokölluðum „einingakubbum“ (e. unit blocks). Kubbarnir eru smíðaðir úr hlyni, lögun þeirra er fjölbreytt og þeir bjóða upp á óendanlega marga möguleika í byggingum. Kubbarnir eru frábær efniviður til frjálsrar sköpunar í gegnum leik. Hönnuður einingakubbanna var Caroline Pratt (f. 1867), bandarískur kennari sem aðhylltist þá hugmyndafræði að börn læri best í gegnum eigin reynslu. Notkun kubbanna býður upp á fjölbreytta námsmöguleika - í leiknum læra börnin samskipti og samvinnu, samhæfingu augna og handa, rökhugsun, hugtakaskilning, þau fá tilfinningu fyrir formum og kubbarnir eru auk þess spennandi flokkunar- og röðunarverkefni. Kubbarnir eru til afnota fyrir eldri börnin.

### **Fínhreyfingaverkefni**

Í Sólborg eru til margs konar verkefni, bæði keypt og heimatilbúin, sem notuð eru til að þjálfra fínhyringar. Sem dæmi má nefna púsl, pinnar, perlur og skæri. Þessi fínhyringaverkefni eru notuð til að þjálfra huga og hönd, efla samhæfingu augna og handa, efla samhæfingu handa, þjálfra grip og auka einbeitingu og úthald.

## **3.8 Athuganir og mat í leikskólastarfi**

Meginmarkmið með athugunum og mati á börnum í Sólborg er að fylgjast vel með þroskaframvindu hvers barns. *Lög um leikskóla* kveða á um að efla skuli alhliða þroska barna, greina frávik í þroska og mæta þörfum barna þar sem þau eru stödd. Mat og athuganir eru meginleið til að uppfylla ákvæði laga og skipuleggja markvisst

leikskólastarf. Starfsfólki ber einnig að veita foreldrum upplýsingar um stöðu barnsins og líðan í leikskólanum. Til þess að starfsfólk geti skipulagt markvisst leikskólastarf þurfa ítarlegar upplýsingar um börnin að liggja fyrir, t.d. hvar þau eru stödd í þroska, hvert er áhugasvið þeirra og hverjar eru sterkar og veikar hliðar þeirra.

Í Sólborg leggur starfsfólk áherslu á að nota fjölbreyttar matsaðferðir, meta reglulega og deila skráningu og niðurstöðum með foreldrum. Við athuganir byggir starfsfólk á fyrirliggjandi þekkingu sinni á börnunum og þeirri staðreynd að börnin eru öll mismunandi einstaklingar sem þroskast hver á sínum hraða. Athuganir felast sem sagt í að fylgjast með þroskaframvindu barnsins en ekki að bera það saman við næsta barn.

Við athuganir byggir starfsfólk m.a. á:

- upplýsingum af upplýsingablaði sem foreldrar hafa fyllt út um barnið svo og munnlegum upplýsingum foreldra um heilsufar og fleira sem miðlað er við komu barns í Sólborg.
- atferlisathugunum á barninu í leik og starfi.
- gögnum, t.d. teikningum, sem reglubundið er safnað saman.
- mati á því hvernig barninu hefur gengið að tileinka sér markmið starfsáætlunar.
- færnissemum sem notaðir eru sem viðmið varðandi færni sem við kjósum að flest börn hafi tileinkað sér við viss tímamót, t.d. við útskrift úr Sólborg.
- greiningartækið „Hljóm“ sem metur hljóð- og málvitund barna er lagt fyrir í upphafi síðasta skólaárs barna í Sólborg. Verkefni og vinna eru síðan skipulögð í samræmi við niðurstöður.

Niðurstöður úr athugunum á börnunum eru teknar saman einu sinni á ári og skipulagt hvaða þætti skuli leggja áherslu á fyrir hvert barn. Þessar upplýsingar eru síðan skráðar á svokallað foreldraviðtalsblað og deilt með foreldrum í viðtali í febrúar ár hvert.

Komi upp grunur um að barn víki frá eðlilegum þroska er rætt við foreldra um málið og strax farið að ýta undir þroskann í samráði við foreldra. Til eru þroskapróf eins og „Íslenski þroskalistinn“ sem foreldrar eru gjarnan beðnir að fylla út en þessi próf gefa

vísbendingu um stöðu barnsins. Í samráði við foreldra er einnig hægt að vísa barninu til nánari athugunar til Ráðgjafar- og sálfræðideildar Leikskóla Reykjavíkur. Því fyrr sem góð kortlagning á vanda barnsins liggur fyrir því meiri tími gefst fyrir markvissa vinnu í leikskólanum.

### **3.8.1 Mat á leikskólastarfinu**

#### **Innra mat**

Svokallað „rökræðumat“ fer fram að loknu hverju tímabili í starfsáætlun en þá metur starfsfólk hvernig tímabilið hefur gengið og hvort breytinga er þörf. Markmið ársáætlunar, sem unnið er að heilan vetur, eru metin af starfsfólki og eru foreldrar oft beðnir um að taka þátt í að meta afmarkaða þætti. Auk þessara þátta metur starfsfólk einstakra stofa einnig reglubundið ákveðna þætti í leikskólastarfinu.

#### **Ytra mat**

Ytra mat er framkvæmt af aðilum sem ekki starfa í leikskólanum. Sem dæmi má nefna mat starfsmanna leikskóladeildar Leikskóla Reykjavíkur. Menntamálaráðuneytið stendur einnig fyrir úttekt og mati á leikskólastarfi og er einn leikskóli í Reykjavík metinn árlega. Foreldrakannanir eru einnig liður í ytra mati.

## Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla. 1999*

*Fjölgreindir í skólastofunni. Thomas Armstrong. 2000. Þýðing Erla Kristjánsdóttir.*

*Foreldraviðtöl og einstaklingsáætlanir. Þróunarverkefni, Leikskólinn Sólborg 1997.*

*Leikskólinn Sólborg - Starfsmannahandbók. 1995 – 2002.*

*Leikskólafélag Félags íslenskra leikskólakennara. 2000.*

*Leikur og leikuppeldi. Valborg Sigurðardóttir. Menntamálaráðuneytið, 1991.*

*Lög um leikskóla nr. 78/1994.*

*Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og reglugerðir sem lögnum fylgja.*

*Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.*

*Salamaca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir samþykkt á Spáni árið 1994.*

*Tilraunaverkefni um leikskóladvöl fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Sólborg 1999.*

*Stefnumótun Leikskóla Reykjavíkur um Börn af erlendum uppruna.*

*Stefnumótun Leikskóla Reykjavíkur um Börn með sérþarfir.*

*Tilfinningagreind. Daníel Goleman, 1995.*

